



Reykjavík, 29. júlí 2026
PON24080011

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að halda áfram þróun á Laufeyju – umsóknarvef fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi

Meðfylgjandi er heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs um að halda áfram þróun á Laufeyju – umsóknarvef fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi.

Óskað er eftir að borgarráð taki erindið til afgreiðslu.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

Hjálagt er:
Heimildarbeiðni um að halda áfram þróun á Laufeyju – umsóknarvef fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi, dags. 26. júní 2026
Samantekt fyrir borgarráð, dags. 5. júní 2026
Greinargerð, dags. 26. júní 2026
Kynning verkefnisins fyrir verkefnaráð 4. júní 2026



Reykjavík, 26. júní 2026
PON24080011

Efni: Heimild til að halda áfram þróun á Laufeyju – umsóknarvef fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að halda áfram þróun og innleiðingu á umsóknarvefnum Laufeyju. Verkefnið felst í uppbyggingu og þróun stafræns umsóknarvefs sem sameinar ferli fyrir umsóknir um aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi fyrir starfsfólk og verktaka Reykjavíkurborgar.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 01390 UTR Skrifstofa og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júlí 2026 til mars 2027 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 28,3 m.kr., þar af tilheyra 24 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 4,3 m.kr. í rekstrarkostnað yfir eins árs tímabil.

Fjármögnun rekstrarhluta verkefnisins hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 3. júní 2026.

Af heildarkostnaði er áætlað að 24 m.kr. fari í aðkeypta þjónustu sem keypt er á grundvelli verktakasamninga á vegum skrifstofu upplýsingatækniþjónustu.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllt,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Reykjavík, (5.6.2026)

Verkefnaráðsfundur: 4.6.2026

Laufey – umsóknarvefur fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi

Samantekt:

Laufey er nýr umsóknarvefur fyrir stjórnendur sem á að leysa af eldri lausn og einfalda umsóknir um aðgang, vélbúnað og hugbúnaðarleyfi. Núverandi ferli eru ósamræmd milli sviða, yfirsýn og rekjanleika skortir og beiðnir rata ekki alltaf sjálfkrafa í rétt ferli. Með Laufeyju fæst samræmdari og skilvirkari meðferð umsókna, betri umsóknarsaga og sterkari grunnur fyrir áframhaldandi þróun innri þjónustu. Laufey er nú þegar komið í notkun hjá Þjónustu og nýsköpunarsviði og er í virkni prófun hjá lykilnotendum en sótt er um aukið fjármagn til þess að klára þróun vörunnar.

Áætluð timalengd verkefnis: 8 mánuðir
Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 3,33

Ábati 33%: 4

Helsti ábati verkefnisins er tímasparnaður starfsfólks en verkefnið styrkir utanumhald, rekjanleika og einfaldar afgreiðslu beiðna.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 4

Verkefnið nútímavæðir innviði með skilvirkara og einfaldara kerfi og kemur í stað eldri lausnar. Verkefnið styður við samræmingu, bætt verklag og skilvirkari vinnslu umsókna.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 2

Hefur jákvæð áhrif á stjórnendur Reykjavíkurborgar þar sem þjónustan verður samræmdari, betri notendaupplifun og hraðari afgreiðsla beiðna.

Lagalegar kröfur – Nei

Lagaleg krafa er ekki til staðar.

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Reykjavík, 26. júní 2026
PON24080011

Greinargerð:

Verkefnið Laufey, nýr umsóknarvefur fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi, felst í áframhaldandi þróun og innleiðingu stafrænnar lausnar sem sameinar umsóknarferli starfsfólks Reykjavíkurborgar á einn stað. Markmið verkefnisins er að einfalda og samræma umsóknir sem nú eru dreifðar milli kerfa og að miklum hluta unnar handvirkt, með tilheyrandi álagi á starfsfólk, lengri afgreiðslutíma og takmarkaðri yfirsýn yfir stöðu mála og búnað.

Núverandi fyrirkomulag ræður illa við aukningu í stafrænum beiðnum sem fylgja breyttu vinnuumhverfi borgarinnar. Þjónustubörf hefur aukist og gerir meiri kröfur um hraða, skilvirkni og gæði í afgreiðslu mála. Handvirk ferli skapa hættu á mistökum, ósamræmi í þjónustu og óskýrri ábyrgð, auk þess sem yfirsýn yfir aðganga, hugbúnað og búnað er takmörkuð. Núverandi umsóknarvefur er jafnframt orðinn úreltur og óhentugur til frekari þróunar og ræður illa við þær kröfur sem gerðar eru til nútímalegrar stafrænnar þjónustu.

Með innleiðingu Laufeyjar verður til miðlæg og samræmd lausn þar sem umsóknir fara í gegnum skýrt og sjálfvirkt ferli. Notendur geta sótt um aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi á einum stað og beiðnir verða sjálfkrafa flokkaðar og sendar í rétt vinnuflæði. Lausnin styður sjálfsafgreiðslu, bætir gagnagæði, eykur gagnsæi og rekjanleika í ferlum og veitir stjórnendum betri yfirsýn yfir aðganga, búnað og hugbúnaðarleyfi starfsfólks og verktaka. Laufey er þegar komin í prufunotkun hjá lykilnotendum með góðum árangri og verkefnið snýr nú að áframhaldandi þróun, samþættingum við lykilverfi, útvíkkun á virkni og innleiðingu til fleiri sviða.

Markmið verkefnisins er að stytta afgreiðslutíma beiðna, auka sjálfsafgreiðslu, bæta yfirsýn yfir búnað og aðganga og draga úr handvirkri vinnu. Með því skapast bæði rekstrarlegur og þjónustulegur ávinningur. Starfsfólk fær betri og hraðari þjónustu, álag minnkar og nýting tíma batnar. Auk þess verður auðveldara að stýra og þróa þjónustu á grundvelli áreiðanlegra gagna.

Með framkvæmd verkefnisins skapast forsendur til að samræma ferla, sem styrkir getu þjónustunnar til að mæta vaxandi eftirspurn. Það mun minnka álag á starfsfólk, stytta afgreiðslutíma og auka tækifæri til sjálfvirknivæðingar og hagræðingar. Jafnframt verður eldri umsóknarvefur leystur af hólmi með nútímalegri lausn sem styður við áframhaldandi þróun innri þjónustugáttar Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt ábatamati verkefnisins er gert ráð fyrir um 690 klukkustunda árlegum tímasparnaði starfsfólks, sem jafngildir áætluðum fjárhagslegum ávinningi upp á 7,3 m.kr. á ári. Auk þess felst ávinningur í samræmdari þjónustu milli sviða, bættri notendaupplifun, auknum rekjanleika, öflugri aðgangsstýringu og aukinni innanhússpekingu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 28,3 m.kr., þar af tilheyra 24 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 4,3 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 1 árs tímabil. Kostnaðarstaður: kostnaðarstað 01390 UTR Skrifstofa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi.

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Ólafur Sólimann Helgason,
skrifstofustjóri skrifstofu upplýsingatækniþjónustu



Reykjavík




Laufey

Umsóknarvefur stjórnenda

Fyrir umsóknir um aðgang, vélbúnað og hugbúnaðarleyfi

Búi Aðalsteinsson, stafrænn leiðtogi


Fjóla Kristín Traustadóttir, eigandi verkefnis





Í hnotskurn

- Í dag eru beiðnir frá stjórnendum um aðgang, búnað og hugbúnað ósamræmdar milli sviða og fara ekki alltaf í rétt ferli.
- Skortur er á yfirsýn, rekjanleika og samræmdri afgreiðslu, sem hefur áhrif á skilvirkni, kostnaðarstýringu og aðgangsstýringu.
- Laufey er nýr umsóknarvefur sem á að samræma þessa ferla, styrkja utanumhald og einfalda afgreiðslu. Þessi vinna er hafin en mikilvægt er að klára þróun og innleiðingu á henni hjá allri borginni.
- Laufey tekur við af eldri umsóknarvef, sem er brothætt og þungt kerfi með flókið og úrelt viðmót.





Ákvörðun verkefnaráðs

- Fjármagn til áframhaldandi þróunar á Laufeyju og tenginga við Assets og önnur kerfi
- Heimild um fjármögnun upp á 28,3 mkr.
- Óska eftir:
 - Forritara og Team Lead
 - Verkefnastjóra
 - Stafrænan vöruhönnuð





Áskorun

Núverandi umsóknarvefur er úreltur og óhentugur, og því óhagkvæmt að próa hann áfram.

Núverandi staða

- Ósamræmdar umsóknir milli sviða
- Skortur á yfirsýn og rekjanleika
- Umsóknir fara ekki alltaf í rétt ferli því notendur senda inn beiðnir á mismunandi vegu.

Markmið

- Samræma og einfalda umsóknir, móttöku og afgreiðslu
- Bætt yfirsýn stjórnenda á skráðan búnað og leyfi starfsmanna og verktaka
- Stytta afgreiðslutíma
- Bæta viðmót og notendaupplifun

Lausn

- Áframhaldandi þróun og betrumbætur á nýjum umsóknarvef (Laufey)
- Betri yfirsýn og umsóknarsaga
- Umsóknum sjálfkrafa beint í rétt ferli

Ekki skilgreind lagaleg krafa.



Umfangsmat



- Kostnaður verkefnis er 28,3 mkr og tími er áætlaður 6-8 mánuðir*

Kostnaður mannaúðs

Á fjárfestingu:

- Forritari 150%
- Team Lead 30%
- Verkefnastjóri 20%
- Vöruhönnun/textasmiður (UI/UX) 50% í 2 mán

Á rekstri:

- Vörustjóri 33% (Eftirfylgni)

Aðkeypt þjónusta

Á fjárfestingu:

- Samskipti við mannaúðskerfi (Origo) og verktakagátt (Advania): **3 m.kr**
- Annar ófyrirséður kostnaður: **2 m.kr**

Rekstrarkostnaður

Mánaðarlegur rekstrarkostnaður 495.000 kr.

Fjármögnun reksturs hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs: **3. júní 2026, JÁ**

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja aukið fjármagn í ramma ef af verkefninu verður: **NEI**



Gróf kostnaðaráætlun

Kostnaðarliður	Forsenda	Upphæð (kr.)
Forritari	150% í 6 mánuði, 12.000 kr/klst	17.280.000
Team Lead	30% í 6 mánuði, 1.500.000 kr/mán í 100%	2.700.000
Verkefnastjóri	20% í 6 mánuði, 1.500.000 kr/mán í 100%	1.800.000
Vöruhönnun / texti	50% í 2 mánuði, 1.500.000 kr/mán í 100%	1.500.000
Aðkeypt þjónusta	Sértæk þróun / samþættingar / ráðgjöf	3.000.000
Ófyrirséður kostnaður	Ófyrirséðar lagfæringar / rollout / breytingar	2.000.000
Samtals		28.280.000
Samantekt	Mannaafli	23.280.000
	Aðkeypt þjónusta	3.000.000
	Ófyrirséður kostnaður	2.000.000
	Heildarkostnaður	28.280.000



Tímalína verkefnis

Dagsetning	Varða	Helstu verkefni	jún.	júl.	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	jan.	feb.
15.6.2026	Verkefni hefst	Upphaf verkefnis. Vinna fer af stað en framvinda er hægari yfir sumartímann.	◆								
1.8.2026	Varða 1 - Stöðugleiki	Laga gagnatengingar og stöðugleika í núverandi lausn. Klára atriði með háum forgangi. Tryggja að umsóknir um aðgang, vélbúnað, hugbúnaðarleyfi, nýskráningu og afskráningu virki rétt.			★						
15.9.2026	Varða 2 - Kjarnavirkni	Kjarnavirkni stöðug. Klára helstu villur og tryggja rétt flæði umsókna í samræmi við ferla.				★					
15.10.2026	Varða 3 - Tilbúið til innleiðingar	Klára útstandandi atriði fyrir raunnotkun. Bæta notendaflæði, orðalag og leiðbeiningar. Stillingar á aðgangsstýringum.					★				
1.11.2026	Varða 4 - Innleiðing tilbúin	Ljúka leiðbeiningum, fræðslufni og innleiðingarundirbúningi. Framkvæma lokalagfæringar.						★			
15.11.2026	Varða 5 - Innleiðing hafin	Innleiðing hafin á öllum sviðum. Stuðningur við fyrstu notendur. Tilfallandi lagfæringar.						★			
1.12.2026	Varða 6 - Virk notkun hafin	Virk notkun á öllum sviðum.							★		
15.1.2027	Varða 7 - Útleiðing hafin	Umsóknarferli að fullu komið yfir í Laufey. Undirbúningur fyrir endanlega lokun eldri vefs.								★	
1.2.2027	Varða 8 - Útleiðingu lokið	Eldri umsóknarvefur tekinn úr notkun og frágangi lokið. Nýr umsóknarvefur kominn í rekstur og þjónustu.									★

Dagsetningar miðast við að viðkomandi vörðu hafi verið náð



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 1 ár

Mælanlegur ábati

- Tímasparnaður 690 klst
 - afgreiðsla beiðna: 240 klst
 - gerð umsókna: 450 klst

Samtals:

- Sparnaður í 7,3 m.kr

Kostnaður

- 28,3 m.kr í þróunar- og viðhaldskostnað fyrsta árið greitt af fjárfestingu

Ómælanlegur ábati

- Samræmdari þjónusta milli sviða
- Bætt notendaupplifun
- Hraðari afgreiðsla beiðna
- Bætt gagnagæði og rekjanleiki
- Öflugri aðgangsstýring
- Aukin innanhússpekking

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

- Verkefnið styður við samræmingu, bætt verklag og skilvirkari vinnslu umsókna
- Eykur yfirsýn og dregur úr ósamræmi
- Leysir af hólmi eldri lausn
- Verkefnið mun styðja við innri þjónustugátt





Hvað er búið að gera:

- *Virk lausn sem er komin í notkun en þarfnast frekari þróunar til þess að hægt sé að innleiða hjá allri borginni*
- Kerfið er nú þegar komið í notkun á ÞON og hjá lykilnotendum í virkri prófun með raunverulegum beiðnum
- Taka saman þarfir og kröfur
- Fyrstu notkunarviðsmyndir prófaðar og endurgjöf fengin
- Þróunarþarfir greindar út frá raunnotkun og athugasemdum

Finnur 35 ára
Fjölskyldu- og húsnýðingaráðurinn
Finnur er að fara með fjölskylduna í garðinn - hann vill hles vegar ganga frá kaupum fyrirfram

RVK-kortid / Forgaining
Hættu í viðtöku eru til fjölskylduáráðs, fjölskylduáráðs og fjölskylduáráðs
Hættu í viðtöku eru til fjölskylduáráðs, fjölskylduáráðs og fjölskylduáráðs

ATHYGLISVERÐUR
ATHYGLISVERÐUR

"Nafn verkefils"
Nafn verkefils

Viðauki I - viðtöl við
Viðauki I - viðtöl við



Næstu skref

- Fjármagna verkefni
- Hefja áframhaldandi þróun skv. forgangsröðun
- Undirbúa innleiðingu
- Innleiða á öll svið
- Útleiða eldri umsóknarvef





Ákvörðun verkefnaráðs

- Veita fjármögnun til áframhaldandi þróunar á Laufeyju
- Heimila mönnun verkefnis
- Óskað er eftir heildarfjármögnun: 28,3 mkr.
- Stuðningur við þróun kerfis sem umsóknarvef fyrir aðgang, búnað og hugbúnaðarleyfi.





Reykjavík